DV Viðtalið



Skemmtilega kærulaus

Nafn: Guðjón Bjarnason
Aldur: 31 árs
Staða: Arkitekt og listamaður

„Ég er Reykvíkingur í húð og hár og ofan í kaupið ættaður úr vesturbænum, maður gerist ekki meiri Reykvíkingur en það. Ég gekk í skóla í fyrir vestan læk og þegar ég hafði aldur til fór ég í MR. Það var gaman í menntó. Þar gerðist maður skemmtilega kærulaus og gerði á hverjum tíma það sem manni sjálfum líkaði best og komst upp með það. Síðan hef ég verið að gera það sem mig langar," segir Guðjón Bjarnason, arkitekt og myndlistarmaður, sem sýnir nú verk sín á Kjarvalsstöðum

Áhugi á að læra

„Þegar ég var orðinn stúdent ákvað ég að fara í lögfræði í Háskóla Íslands og lagði stund á lögfræði í tvö ár. Hins vegar blundaði áhuginn á að teikna alltaf í mér og á endanum hafði sá áhugi vinninginn og ég ákvað að fara í arkitektúrnám.

Guðjón hélt til Bandaríkjanna árið 1981 og hóf nám í Rhode Island School of Design í Providence á Rhode Island. „Rhode Island er ekki ósvipað Íslandi. Þar er allt fullt af litlum Eyrarbökkum og togarabæjum. Þetta er skemmtilegt sveitasamfélag. Meðan ég var í námi kenndi ég með skólanum og tók alla þá kúrsa sem boðið var upp á í myndlist. Þegar ég var útskrifaður langaði mig að taka myndlistina alvarlega og þá lá leiðin til New York. Hún er mikil listaborg og þar heltekur listin fólk. Ég fór svo í framhaldsnám þar, bæði í arkitektúr og myndlist og lauk námi á síðasta ári.

Ég rek mína eigin teiknistofu og er með ýmsis verkefni héðan að heiman. Það er ágætt að búa í útlöndum og vinna að verkefnum á Íslandi. Ég verð á landinu þangað til í maí og á meðan ég er hér ætla ég að undirbúa fleiri sýningar og taka þátt í samkeppnum um byggingarlist. Það er afar gaman að taka þátt í þeim. Á meðan maður vinnur að einhverri samkeppni er maður haldinn þráhyggju og kemst í algert algleymi.

Ég sinni fáu öðru en arkitektúr og myndlist. Það er fátt annað sem ég vil gera og ég er þakklátur fyrir að hafa ekki tíma til að gera annað. Ef ég fer á hljómleika er ég að byggja í huganum og ég er yfirleitt alltaf með hugann við þetta tvennt.

Það er auðvelt að sameina þessar tvær greinar, myndlistina og arkitektúrinn, báðar greinarnar ber að sama brunni. Arkitektúr verður til fyrir ákveðna sköpun og myndlistin sömuleiðis. Vinnan í öðru faginu verkar örvandi á hitt og öfugt."

Gaman að ferðast

Ég hef gaman af að ferðast og hef ferðast víða um heim. Í framtíðinni langar mig til að skipuleggja ferðir til fjarlægari staða og skoða forn mannvirki og kynna mér siði og venjur annarra menningarsamfélaga í nútíð og fortíð. Ferðalög eru örvandi fyrir sálina og líf mitt einkennist af því að skil á milli vinnu og frítíma eru lítil. Ég veit stundum ekki hvort ég er að vinna eða í fríi."

-J.Mar

DV Fréttir

Tannlæknadeild neydd til að fjölga nemendum:

Nemandi felldur eftir að hann náði prófi

– háskólaráð tók mannlega þáttinn með í reikninginn

„Það er rétt að við vildum halda í reglurnar eins og þær höfðu verið samþykktar í fyrra og taka aðeins sjö nemendur inn á annað misseri. Háskólaráð komst að annarri niðurstöðu og vildi taka mannlega þáttinn með í reikninginn," sagði Örn Bjartmars Pétursson, forseti Tannlæknadeildar Hákóla Íslands, í samtali við DV.

Eftir síðustu jólapróf kom upp óánægja meðal nemenda með hverjir fengju að halda áfram námi. Tannlæknadeild telur sig geta tekið við sjö nemendum og tilkynnti þeim sjö efstu á prófinu að þeir gætu haldið áfram námi. Sá áttundi í röðinni kærði matið á prófinu og reyndist hafa rétt fyrir sér. Hann var því færður í sjöunda sætið en sá sem hafði áður verið þar í röðinni var útilokaður frá frekara námi.

Sá sem þarna var felldur, eftir að hafa áður fengið heimild til að halda áfram námi, kærði þessa niðurstöðu. Á endanum fór málið fyrir háskólaráð í lok febrúar og þar var úrskurðað að átta nemendur gætu haldið áfram námi.

„Við getum ekki með góðu móti haft átta nemendur í árgangi vegna aðstöðuleysis. Eina lausnin, sem við sjáum, er að minnka kennsluna sem hver og einn fær," sagði Örn Bjartmars.

Áður hafa hliðstæð mál komið upp í Tannlæknadeild og hefur þá einnig orðið að úrskurða um hverjir geti haldið áfram. Örn sagði að upphaf málsins nú mætti rekja til mannlegra mistaka og það væri ástæðan fyrir því að háskólaráð hefði ákveðið að fjölga í deildinni.

-GK

Fimm nýjar vísitölur:

Verðhjöðnun í byggingarkostnaði

Vísitala byggingarkostnaðar lækkar í næsta mánuði um 0,5 prósent. Þessi lækkun jafngildir um 6,2 prósent verðhjöðnun á ársgrundvelli.

Þetta er í fyrsta skipti síðan í ársbyrjun 1988 að vísitalan lækkar á milli mánaða en þá lækkuðu ýmis aðföng umtalsvert vegna tollalækkunar. Ástæða fyrir lækkuninni nú er annars vegar lækkun á útseldri vinnu í kjölfar banns verðlagsráðs og hins vegar vegna lækkunar á leigu á byggingamótum.

Eins og fram hefur komið hækkaði framfærsluvísitalan um 0,8 prósent um daginn, launavísitalan nú mest, eða um 1,2 prósent.

Þetta þýðir að lánskjaravísitalan hækkar nú um 0,53 prósent í næsta mánuði sem jafngildir um 6,5 prósent árshækkun. Ef gamli grunnur lánskjaravísitölunar væri enn í gildi hefði vísitalan ekki hækkað nema um 0,37 prósent sem jafngildir um 4,5 prósent á ársgrundvelli. Lántakendur eru því byrjaðir að bera kostnað af breytingum á grunni vísitölunar í stað sparifjáreigenda.

Vísitala húsnæðiskostnaðar hækkar um 1,8 prósent frá og með 1. apríl. Vísitalan hækkar á þriggja mánaða fresti. Þessi hækkun jafngildir því um 7,4 prósent hækkun á árgrundvelli.

-gse

Keflavík og Hveragerði:

Litlar tekjur en hækka ekki skatta

Mörg þeirra sveitarfélaga sem hafa hækkað aðstöðugjöld sín að undanförnu eru meðal verst settu sveitarfélaga á landinu, til dæmis Hofsós og Siglufjörður. Önnur illa stæð sveitarfélög sjá ekki ástæðu til að auka tekjur sínar á sama tíma, eins og til dæmis Hveragerði og Keflavík. Þessi tvö síðastnefndu sjá sér jafnframt fært að lækka fasteignaskatta.

Þegar litið er til hvaða sveitarfélög það eru sem hækka mest aðstöðugjöld sín á útgerð og fiskvinnslu kemur í ljós að það eru flest illa stæð sveitarfélög. Einu sveitarfélögin, sem lentu á lista DV yfir þau 20 verst settu en hækka ekki gjöldin, eru Keflavík og Hveragerði. Einn helsti vandi þessara tveggja sveitarfélaga er hins vegar lágar tekjur og skáru þau sig nokkuð úr öðrum á listanum sökum þessa.

-gse

DÁSAMLEGT
í einu orði sagt

Þýska verksmiðjan Klose Kollektion framleiðir svo frábærlega vönduð og falleg borðstofuhúsgögn að hrein unun er að snerta þau og strjúka.

Á húsgagnasýningunni í Köln núna í janúar keyptum við dágott úrval af þessum hágæða borðstofusettum í mörgum viðartegundum.

Komdu og sjáðu KIRSJUBERJAVIÐINN, hann er svo einstaklega fallegur.



Það mun vissulega koma þér á óvart hvað Húsgagnahöllin á mikið til af borðstofusettum frá Norðurlöndum – Ítalíu – Þýskalandi og fleiri löndum í öllum hugsanlegum verðflokkum.

Við leggjum áherslu á gæði og hagstæð innkaup til þess að þú fáir reglulega mikið fyrir peningana þína.

Sjáumst



IDÉ MØBLER
REGENT MÖBEL

Húsgagnahöllin
REYKJAVÍK

Bíldshöfða 20
sími 68-11-99